


VSÓ RÁÐGJÖF



Hússtjórnarkerfi

Hússtjórnarkerfi



Hvað er hússtjórnarkerfi?

Þegar rætt er um hússtjórnarkerfi er átt við eftirfarandi:

1. Stýrikerfi (stjórnþúnaður) fyrir húskerfi t.d. fyrir loftræsi-, snjóbræðslu-, gólfhita-, ofnaitakerfi o.þ.h.

Stýrikerfi fyrir húskerfi er óaðskiljanlegur hluti af sérhverju kerfi. Ef verkkaupi hefur t.d. valið að hafa loftræsikerfi í byggingunni þá hefur hann einnig valið að hafa stýrikerfi fyrir loftræsinguna. Að þessu leyti er ekki hægt að vera án stýrikerfis.

2. Skjámyndakerfi með PC tölvu (kerfiráður) þar sem fylgst er með virkni kerfa, viðvörðunum, stillingum og fleiru.

Skjámyndakerfi er eins konar yfirbygging á stýrikerfi. Skjámyndakerfi hefur oft verið nefnt hússtjórnarkerfi og þessum heitum hefur oft verið ruglað saman. Skjámyndakerfi er tölvakerfi (PC) þar sem hægt er að stýra og fylgjast með stýrikerfum húskerfa, virkni þeirra, viðvörðunum o. fl. Gerð er skjámynd fyrir sérhvert kerfi og þannig er unnt að fá góða yfirsýn yfir kerfin.

Handi: SKOÐARI
Stendanafn: LS

HEITAVATNSKERFI	TAFLA T.O.H.1	TAFLA T.O.H.2	TAFLA T.O.H.3	ÞRÓTTAHRIS
FRÄRENNLSKERFI	YFIRLIT	YFIRLIT	YFIRLIT	
NEYSLUVATNSHITUN	KERFI 31	KERFI 21	KERFI 22	
OFNHITAKERFI	KERFI 41	KERFI 42	KERFI 43	
GÖLFHITAKERFI	KERFI 44	KERFI 45	KERFI 46	
SNJÓBRÆÐSLUKERFI	KERFI 47	KERFI 48	KERFI 49	
LÖFTRÆSTIKERFI	KERFI 51	KERFI 52	KERFI 53	
ÚTSOGSKERFI	KERFI 51, 55, 56	KERFI 52	KERFI 53, 57	

Aðalgangur
 Heildagssk.
 Myndmennt
 Tæknstofa
 Raungr.st.
 Saumastofa
 Samkomusal
 Heimilisfr.
 Utihiti

LYKILORD
 FJAR-STÝRING
 FJAR-STÝRING
 FJAR-STÝRING

Ack	Time In	Time Last	Description	Status	Value
06:26:23,781	06:26:23,781		KERFI 52 INNBLHITI Í LOFTST. HNT LO		15,9
06:22:11,046	07:53:41,224		KERFI 51 INNBLHITI Í LOFTST. HNT LO		11,6
06:21:52,640	06:21:52,640		KERFI 51 SILVAKL1		11,6
02:29:02,156	10:39:38,516		KERFI 44 ÚTHITANEMI HNZ	ALARM	
19:38:13,265	06:15:23,406		KERFI 52 ÚTSOGSHITI HNZ	LOLO	2
06:26:53,116	06:26:26,531		KERFI 45 VATNSHITI INNA GÖLFH. HIHBI	LOLO	20,9
06:26:53,116	07:30:48,4		KERFI 44 VATNSHITI INNA GÖLFH. HIHBI		20,9
06:26:53,116	04:39:89,0		KERFI 47 VATNSHITI INNA GÖLFH. HIHBI		33,9
06:26:53,116	04:39:89,0		KERFI 49 VATNSHITI INNSPYTING SN.HHI		46,3
06:26:53,116	04:39:89,0		KERFI 49 VATNSHITI INNSPYTING SN.HHI		44,6
06:26:53,116	04:39:89,0		KERFI 31 HITI NEYSLUVATNSKANK LOLO		36,8
					73,7

Sort: Time In, Descending

Hverjir eru helstu kostir skjámyndakerfis?

Helstu kostir skjámyndakerfis eru eftirfarandi:

- betri yfirsýn yfir kerfi í rekstri
- hægt að tengja í gegnum símalínu eða netkerfi og þannig er hægt að staðsetja skjámyndakerfi hvar sem er
- hægt að tengja fleiri hús, stofnanir eða fyrirtæki saman í eitt hús-stjórnarkerfi
- hægt að nýta við rekstur húskerfa m.a. sem viðhaldskerfi og einnig við stýringu á þjónustu við húskerfi
- hægt að nýta til orkusparnaðar og þannig lækka rekstrarkostnað. Oft hefur kostnaður við skjámyndakerfi borgað sig á fáum árum




Reynsla

VSÓ Ráðgjöf hefur mikla og víðtæka reynslu á sviði hússtjórnarkerfa. Viðskiptavinir VSÓ eru bæði stórir og smáir og verkefni eru fjölbreytt s.s. aflstýringar til lækkunar orkukostnaðar, stýri- og skjámyndakerfi fyrir verslunar-, skrifstofu-, íþróttar- og spítalabyggingar.

Árið 2003 keypti VSÓ hlut í fyrirtækinu Fjölás ehf. en fyrirtækið sérhæfir sig í stýri- og skjámyndakerfum fyrir stærri fyrirtæki, sérstaklega í framleiðslu og iðnaði.

VSÓ og Fjölás hafa á að skipa sérfræðingum sem hafa sérhæft sig í hönnun, forritun og uppsetningu stýri- og hússtjórnarkerfa og þeir leggja kapp á að fylgjast vel með nýjungum bæði heima og erlendis.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, fax: 585 9010, netfang: vso@vso.is, heimasíða: www.vso.is



Um fyrirtækið

VSÓ Ráðgjöf ehf. var stofnað árið 1958. Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á síðari árum hefur verið lagt út á nýjar brautir í þjónustu til að mæta auknum þörfum viðskiptavina. Árið 1996 hóf VSÓ að veita ráðgjöf í rafkerfum og hefur hússtjórnarkerfi verið þáttur í þeirri ráðgjöf frá upphafi.

Upplýsingar um starfsemi VSÓ Ráðgjafar má finna á heimasíðu okkar www.vso.is